

Nd.

317. Nefndarálit

[148. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Um áramótin 1973—74 var stofnað til Ólúsjóðs fiskiskipa af þáverandi sjávarútvegsráðherra, Lúðvík Jósepssyni. Það var rökstutt með því, að hinn nýi togarafloti landsmanna gæti þá ekki staðið undir verðhækkun á brennsluolíu. Hins vegar leit út fyrir, að afkoma fyrst og fremst hjá loðnuveiðibátum yrði það góð, að þessi þáttur veiðanna gæti tekið á sig verulegt álag til myndunar sjóðs til þess að greiða niður oliuverð flotans. Þetta álag var byggt á hlutfallslegri greiðslu á brúttóafli og hlaut því að koma mjög misjafnlega niður eftir aflamagni og verðmætasköpun hvers úthalds. Þetta er aðalorsök að þeirri feikilegu öfugþróun í sjávarútvegi þar sem hið risavaxna millifærslubákn er.

Alþýðuflokkurinn einn flokka á Alþingi benti á, hve hættuleg stefna þetta væri, og varaði við afleiðingunum. Á þau varnaðarorð var þó ekki hlustað, hvorki af þáverandi né núverandi ríkisstjórn, þótt fyrir lægi að meðal áhrifa slíkrar sjóðamyndunar væri þverrandi hvöt hjá mönnum í útvegi til þess að spjara sig vel og sýna forsjálni og aðhald.

Frumvarp þetta er flutt í framhaldi af viðtækri endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem nefnd skipuð af ráðherra skv. kröfum aðila í sjávarútvegi hefur annast. Frumvarpið er byggt á tillögum þessarar nefndar og er tvímælalaust spor í rétta átt. Alþýðuflokkurinn er eðlilega fylgjandi afnámi hins rangláta millifærslukerfis, en hefði kosið að ganga nokkru lengra í vissum atriðum en ráð er fyrir gert í frv. Hins vegar ber á það að líta, að frv. byggist á samkomulagi hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sjómanna og útvegsmanna, og er þáttur í lausn kjaramála og fiskverðsákvörðunar. Lögð hefur verið á það mikil áhersla af þessum aðilum, að frv. fengi skjóta afgreiðslu efnislega óbreytt og því mun ég greiða atkvæði með frv.

Alþingi, 11. febr. 1976.

Sighv. Björgvinsson.